

SAMNINGUR

Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, kt. 480775-0159, Austurvegi 56, 800 Selfossi í samningi þessum nefnt SASS, og **Bláskógabyggð, f.h. sveitarfélaga í Uppsveitum**, kt. 510602-4120, Aratungu, 806 Selfossi í samningi þessum nefnd samstarfsaðili gera með sér eftirfarandi samning um atvinnu- og byggðaþróun á starfssvæði samstarfsaðila.

1. gr. Forsendur

Forsendur samningsins eru gildandi samningur við *Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaþróun* frá 25. janúar 2023 (sjá fylgiskjal 1 bls. 7), lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015 og gildandi Sóknaráætlun Suðurlands á hverjum tíma.

Starfssvæði samstarfsaðila afmarkast við atvinnusóknarsvæði sem afmarkast af sveitarfélagamörkum sveitarfélaganna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps.

2. gr. Markmið

Markmið samningsins er:

- Að ásýnd og skilvirkni þjónustu og verkefnavinnu á málefnaviði þessa samnings sé samhæfð milli SASS, samstarfsaðila, annara félaga og hins opinbera eins og kostur er.
- Að skapa grundvöll fyrir samstarfi samningsaðila innan byggðaþróunar í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði, samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur íslenska ríkisins, Sóknaráætlunar Suðurlands og sameiginlegar áherslur á starfssvæði samstarfsaðila og eftir atvikum á Suðurlandi innan byggðaþróunar og atvinnuráðgjafar.
- Að efla og styðja atvinnulíf og nýsköpun á starfssvæðinu og eftir atvikum í landshlutanum með árangursríkri og skilvirkri atvinnuráðgjöf og stuðningi á grunni svæðisbundinna styrkleika.
- Að byggja upp og efla gagnkvæma miðlun þekkingar, reynslu og hæfni milli samningsaðila á sviði atvinnuráðgjafar, byggðaþróunar og nýsköpunar.

3. gr. Skilgreining samnings – þáttur samstarfsaðila

Samstarfsaðili skal tilgreina hverjir muni veita þjónustu og sinna verkefnavinnu skv. samningi þessum fyrir SASS. Skal það ákveðið í samráði og með samþykki SASS.

Samningsaðilar tilgreina tengiliði sem hafa umsjón með samningnum.

Samstarfsaðili ber að veita þjónustu og sinna öllum verkefnum sem unnin eru í þágu SASS samkvæmt samningi þessum með vönduðum og faglegum hætti og ætíð í samræmi við samninginn. Þá skal samstarfsaðili virða lög og reglugerðir sem við eiga. Samstarfsaðili ber ábyrgð á starfsmönnum sínum, ráðgjöfum og/eða öðrum aðilum sem koma að framkvæmd samningsins fyrir hans hönd.

Með samningi þessum skuldbindur samstarfsaðili sig til framkvæmdar á eftirfarandi verkþáttum:

a) Atvinnu- og byggðapróun

- Starfsemi samstarfsaðila, sem rúmast innan samnings þessa, skal innt af hendi í samræmi við stefnu ríkisins í byggðamálum, málefnum sveitarfélaga og nýsköpun. Hún skal einnig vera í samræmi við áherslur Sóknaráætlunar Suðurlands og aðra stefnumótun á sviði atvinnu- og byggðapróunar á starfssvæði samstarfsaðila.
- Samstarfsaðili leitar samstarfs og samráðs við stofnanir og aðra hlutaðeigandi aðila innan stoðkerfis atvinnulífs og nýsköpunar innan starfssvæðis eins og við á, s.s. sveitarfélög, fyrirtæki, þróunarsetur, klasa og háskóla- og háskólasetur, í tengslum við verkefnaöflun og verkefnavinnu. Samstarfsaðili leitar einnig samstarfs fyrrgreinda aðila er starfa utan svæðisins, þegar við á, í sama tilgangi.
- Samstarfsaðili stendur fyrir fræðslu og/eða þjálfun fyrir frumkvöðla, framleiðendur og fyrirtæki, s.s. í formi námskeiða, fyrirlestra eða tengslamyndunar, í samstarfi við SASS og/eða aðra viðeigandi aðila, þegar við á. Viðfangsefni fræðslunnar miða að svæðisbundnum áherslum og þörfum innan starfssvæðis.

b) Atvinnuráðgjöf

- Samstarfsaðili veitir ráðgjöf til einstaklinga, hópa og fyrirtækja um stofnun, þróun og rekstur fyrirtækja, sem og þróun annarra verkefna sem styðja við atvinnulíf starfssvæðisins. Ráðgjöfin skal snúa að, en takmarkast ekki við, tilsögn og/eða aðstoð við áætlanagerð, markaðsókn, fjármögnun, lánamöguleika Byggðastofnunar, efling tengslanets, kynningu og markaðsstarf.
- Þjónusta samstarfsaðila á sviði atvinnuráðgjafar skal vera sýnileg og aðgengileg í gegnum heimasíðu þess, þar sem formi og fyrirkomulagi þjónustunnar er lýst. Samstarfsaðili stendur fyrir markvissri kynningu á svæðisbundinni þjónustu sinni innan atvinnuráðgjafar, svo ekki sé um villst fyrir einstaklinga og fyrirtæki innan svæðisins að slík þjónusta sé í boði.
- Samstarfsaðili getur tekið þátt í fjárhagslegri ráðgjöf og endurskipulagningu fyrirtækja, en varast þó starfsemi á samkeppnismarkaði.

c) Nýsköpun

- Samstarfsaðili veitir stuðning og ráðgjöf til frumkvöðla og sprotafyrirtækja innan svæðisins. Slíkur stuðningur felst m.a. í leiðsögn við fjármögnun verkefna, þróun verkefnahugmynda og tengslamyndun.
- Samstarfsaðili tryggir að ráðgjafar þess búi yfir góðri þekkingu og sterkum tengslum við aðra svæðisbundna aðila innan stoðkerfis nýsköpunar, s.s. háskóla- og þekkingarsetur, klasa og stafrænar smiðjur. Ráðgjafar leiti samstarfs við fyrrgreinda aðila þegar við á og/eða leiða skjólstæðinga sína áfram innan hins opinbera stoðkerfis nýsköpunar.
- Samstarfsaðili hvetur til, stendur fyrir og/eða á samstarf um stuðnings- og hvataverkefni á sviði nýsköpunar, ýmist svæðisbundið eða í samstarfi við SASS.

d) Menning

- Samstarfsaðili veitir stuðning og ráðgjöf til aðila í lista- og menningarlífi innan svæðisins. Slíkur stuðningur felst m.a. í leiðsögn við fjármögnun verkefna, þróun verkefnahugmynda og tengslamyndun.
- Samstarfsaðili tryggir að ráðgjafar þess búi yfir góðri þekkingu og sterkum tengslum við aðra svæðisbundna aðila innan menningar og lista. Ráðgjafar leiti samstarfs við fyrrgreinda aðila þegar við á og/eða leiða skjólstæðinga sína áfram innan hins opinbera stoðkerfis lista og menningar.

- Samstarfsaðili hvetur til, stendur fyrir og/eða á samstarf um stuðnings- og hvataverkefni á sviði menningar og lista, ýmist svæðisbundið eða í samstarfi við SASS.

e) Upplýsingaöflun, þekkingarmiðlun og samstarf

- Samstarfsaðili skal hafa góða yfirsýn yfir starfssvæði sitt og veita SASS upplýsingar um stöðu atvinnulífs og búsetuþátta, eftir þörfum.
- Samstarfsaðili leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnuráðgjafar, atvinnu- og byggðaþróunar með endurmenntun starfsfólks, samvinnu við aðra samstarfsaðila og SASS, og með þátttöku í samstarfsverkefnum.
- Samstarfsaðili veitir SASS stuðning við skipulagningu og framkvæmd funda og viðburða á vegum samtakanna á starfssvæði samstarfsaðila og leggur eftir atvikum til tímabundna vinnuáætlun fyrir starfsfólk SASS.

Nánar er vísað til hlutverka samstarfsaðila í skilgreiningunni á verklagsreglum byggðaþróunarfulltrúa í fylgiskjali 2 bls .

4. gr. Skilgreining samnings – þáttur SASS

Með samningi þessum skuldbindur SASS sig til framkvæmdar á eftirfarandi verkþáttum:

a) Fagleg aðstoð

- SASS veitir samstarfsaðila faglega aðstoð við atvinnu- og byggðaþróun. SASS fylgist með nýjungum á þessum sviðum og miðlar upplýsingum til samstarfsaðila. SASS leitar eftir samstarfi við ráðuneyti, Byggðastofnun, aðrar stofnanir og aðra viðeigandi aðila innan stoðkerfis atvinnulífs og nýsköpunar.

b) Tengslamyndun og samstarf

- SASS vinnur að eflingu samstarfs meðal samningsaðila samtakanna innan atvinnu- og byggðaþróunar (hér eftir nefnt *samstarfsaðilum*), m.a. með reglulegum samskiptum, fundum og tengslamyndunarviðburðum. SASS mun einnig vinna að því að efla tengsl samstarfsaðila við stofnanir og aðra aðila innan stoðkerfis atvinnulífs og nýsköpunar, sem og við aðra aðila á sviði byggða- og atvinnuþróunar.
- SASS hvetur til og stuðlar að tengslamyndun atvinnuráðgjafa í landshlutanum og eftir atvikum um allt land, í þeim tilgangi að fullnýta mannauðinn og hvetja til samstarfs innan atvinnuráðgjafar og verkefnaþróunar.

c) Fundir og ráðstefnur

- SASS hefur umsjón með sameiginlegum fundum samstarfsaðila og leitar eftir þátttöku stofnana í stoðkerfi atvinnulífs og nýsköpunar í fundum eftir þörfum. SASS veitir eftir atvikum aðstoð við skipulag annarra funda, ráðstefna, og náms- og kynnisferða starfsmanna samstarfsaðila.
- Stefnt skal að því að haldin verði ráðstefna annað hvert ár um viðfangsefni á verkefnasviði atvinnuráðgjafarinnar og Byggðastofnunar með öðrum stofnunum í stoðkerfi atvinnulífsins.

d) Kynningarmál

- SASS vinnur að því að kynna þjónustu samstarfsaðilanna sem grundvallast á samningi þessum sem eina heild sem myndar stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar og nýsköpunar á

Suðurlandi. SASS kann að leggja til leiðbeinandi verklag fyrir samstarfsaðila við kynningu á veittri þjónustu skv. samningi þessum.

5. gr. Fjármögnun og greiðslur

Útgjöld SASS vegna samnings þessa geta að hámarki numið kr. 7.500.000 miðað við heilt almanaksár.

SASS greiðir samstarfsaðila 9.908 kr. fyrir hverja klukkustund (tímagjald) sem varið er til þjónustu skv. samningi þessum. Tímagjaldið innifelur alla þjónustu og annan kostnað sem hlýst eða kann að hljóttast af samningi þessum og skal að jafnaði gera grein fyrir 80% tímans í formi tímaskýrslna.

Samningur þessi er fjármagnaður af aðildarsveitarfélögum SASS og með samningi milli Byggðastofnunar og SASS um byggðaþróun (sjá fylgiskjal 1 bls. 7). Verði breytingar á framlögum sveitarfélaganna eða Byggðastofnunar er SASS heimil uppsögn samnings þessa eða leita endurskoðunar á samningi þessum.

Fyrrgreind hámarksfjárhæð samnings þessa tekur 80% mið af launavísitölu og 20% mið af neysluerðsvísitölu án húsnæðis í janúar 2023. Hámarksfjárhæðin er í janúar ár hvert verðbætt skv. fyrrgreindum vísitölum og í þeim hlutföllum sem þar eru tilgreind. Reiknast þá ný fjárhæð út frá breytingu á vísitölum frá janúar árið á undan fram að janúar á nýju ári.

Forsendur fyrir greiðslum eru staðfestar tímaskýrslur og skil samstarfsaðila á tilgreindum skilagögnum tvisvar á ári (sjá nánar um fyrirkomulag skilagagna í 7. gr.). Jafnframt þarf samstarfsaðili að staðfesta tímaskýrslur nýliðins mánaðar fyrir fimmta virka dag hvers mánaðar þar á eftir.

Greiðslur til samstarfsaðila fara fram mánaðarlega og eru að jafnaði 1/12 hluti áætlaðrar hámarks fjárhæðar samningsins. SASS er heimilt að halda eftir mánaðarlegum greiðslum sé ljóst að framlag samstarfsaðila á því tímabili, sem til greiðslu er, sé orðið lægra en svarar til 1/12 hluta hámarks fjárhæðar samningsins.

Í lok árs fer fram uppgjör milli SASS og samstarfsaðila sem tekur mið af tímaskráningum og greiðslum á undangengnu almanaksári. Ekki er greitt fyrir tíma umfram samning þennan nema um það sé sérstaklega samið áður en vinnan er innt af hendi. Séu unnar klukkustundir á yfirstandandi ári færri en samningurinn segir til um kemur það til frádráttar í uppgjöri milli aðila.

Telji SASS að samstarfsaðili uppfylli ekki skyldur sínar skv. samningnum er samtökunum heimilt að stöðva greiðslur til samstarfsaðila tímabundið eða að öllu leyti þar til úr því er bætt.

6. gr. Afmörkun ráðgjafarþjónustu og verkefnavinnu

Samstarfsaðili og aðrir samstarfsaðilar á vegum SASS mega veita hverjum og einum þjónustuþega ráðgjöf samtals í allt að 7 klukkustundir innan sama almanaksárs. Sveitarfélögum og stofnunum sem starfa í almannapágu á starfssvæðinu og í landshlutanum mega samstarfsaðilar á vegum SASS veita ráðgjöf í samtals allt að 20 klukkustundir innan sama almanaksárs. Óheimilt að taka þóknun fyrir eða kynna þjónustuna sem hluta af annari þjónustu sem gjald er tekið fyrir.

SASS getur heimilað að varið sé lengri tíma til einstakra verkefna umfram það sem kveðið er á um hér á undan. Heimildar til slíks ber að leita fyrir fram.

Samstarfsaðila er heimilt að vinna að eigin frumkvæði að verkefnaþróun og -vinnu innan samnings þessa. Skulu þau verkefni samræmast málefna sviði þessa samnings og stuðla að markmiðum gildandi

Sóknaráætlunar Suðurlands og stefnu sveitarfélaga á svæðinu, sé slík stefnumörkun fyrir hendi. Ráðgjöf skal þó ætíð njóta forgangs og að unnt sé að veita þjónustuna að jafnaði allt árið.

7. gr. Eftirfylgni, samskipti og gagnaöflun

Samstarfsaðili ber ábyrgð á framfylgd verkefna sem kveðið er á um í samningi þessum. Óheimilt er að útvista ráðgjafarþjónustu eða annari vinnu sem grundvallast á samningi þessum nema með leyfi SASS og skal leita samþykkis samtakanna áður en það er gert.

Samstarfsaðili heldur daglegt verkþókhald og SASS leggur til verkþókhalds- og tímaskráningarkerfi. SASS gefur út leiðbeinandi verklag vegna tímaskráninga og forsið fyrir skilagögn sem samstarfsaðilar þurfa að inna af hendi (sjá fylgiskjal 2 bls. 11). Skal það endurskoðað árlega í samráði við samstarfsaðila.

a) Skilagögn

- Samstarfsaðili skal fyrir 15. desember ár hvert skila SASS starfsáætlun fyrir næstkomandi ár. Skil á starfsáætlun er forsenda fyrstu greiðslu á næstkomandi starfsári. Í starfsáætlun skal tilgreina helstu verkefni sem innt verða af hendi innan ramma samningsins fyrir komandi ár, einnig með tilliti til starfsmannahalds og ráðstöfunar fjármuna. Starfsáætlun skal taka sérstaklega til helstu áherslna innan atvinnuráðgjafar og fyrir komandi ár annars vegar, sem og annarra atvinnu- og byggðapróunarverkefna hins vegar, ef við á.
- Samstarfsaðili skal fyrir lok janúar ár hvert skila SASS starfsskýrslu fyrir nýliðið ár. Í starfsskýrslu skal koma fram sundurliðun á vinnuframlagi, yfirlit yfir verkefnavinnu ásamt verkefnislýsingu og styrkveitingum inn á svæðið. SASS leggur til form starfsáætlunar og -skýrslu.

8. gr. Trúnaður samstarfsaðila og starfsmanna á þeirra vegum

Samstarfsaðili heitir SASS því að farið verði með öll þau gögn, upplýsingar eða vitneskju sem starfsmenn samstarfsaðila fá í té eða verða áskynja um sem trúnaðarmál, nema þjónustuþegi veiti sérstaka heimild fyrir öðru. Er átt við allar upplýsingar um þjónustuþega, hvort sem þjónustuþegi lætur þær upplýsingar SASS í té, samstarfsaðila eða öðrum samstarfsaðilum SASS. Einnig er átt við upplýsingar um umsækjendur um styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands en öllum umsækjendum er heitið trúnaði skv. úthlutunarreglum sjóðsins. Þótt samningur þessi falli úr gildi af einhverjum ástæðum halda ákvæði þessarar greinar gildi sínu ótímabundið.

9. gr. Vanefndir

Samstarfsaðili skal í einu og öllu rækja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Vanefni hann þær er SASS heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndarúrræðum samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar.

Vanefni annar hvor samningsaðila skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum, er gagnaðilanum heimilt að rifta samningnum að undangenginni áskorun til þess er vanefnir, að hann láti af vanefndunum innan 15 daga, að viðlagðri riftun samningsins, verði vanefndirnar viðvarandi að loknum þeim fresti. Riftunaryfirlýsingin skal vera skrifleg, send viðtakanda með sannanlegum hætti, og tilgreina skýrlega ástæður riftunarinnar. Verði samningnum rift geta aðilar ennfremur borið fyrir sig önnur lögmeðl, venju- eða samningsbundin vanefndarúrræði í tilefni af vanefndum gagnaðila.

10. gr. Lausn ágreiningsefna

Rísi ágreiningur út af samningi þessum, s.s. um efni hans, framkvæmd hans, efndir hans eða annað skal haldinn sérstakur sáttafundur þar sem leitað skal lausnar og niðurstöðu um ágreininginn. Takist ekki sátt með aðilum er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

11. gr. Gildistími og uppsagnarákvæði

Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2023 til 31. desember 2027 og er hann uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara. Komi til samningsslita skal uppgjör á samningi fara fram innan þriggja mánaða frá lausnardegi.

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa á samningstímabilinu.

12. gr. Eintök samnings

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum aðila, og telst hvort um sig fullgilt frumrit samningsins. Framangreindu til staðfestu rita fyrirsvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.

Selfossi/Aratungu 27. júní 2023

F.h. Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Bláskógabyggð f.h. sveitarfélaga í Uppsveitum

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

Ásta Stefánsdóttir
sveitarstjóri



Vottar að rétttri dagsetningu og undirritunum:

Nafn

kt.

Nafn

kt.



Samningur

Byggðastofnunar við landshlutasamtök um ráðstöfun framlags úr fjárlagaliðnum
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni (10-711-111).

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, kt. 480775-0159, Austurvegi 56, 800 Selfossi í samningi þessum nefnt félagið, og **Byggðastofnun** kt. 450679-0389, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki gera með sér eftirfarandi samning um atvinnu- og byggðaðróun á starfssvæði félagsins.

1.gr.

Forsendur

Forsendur samningsins eru lög um Byggðastofnun nr.106/1999 með síðari breytingum og reglugerð um Byggðastofnun nr.347/2000, lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015.

2.gr.

Markmið

Markmið samningsins er:

- Að skapa grundvöll fyrir samstarfi samningsaðila innan byggðaðróunar í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði, samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur íslenska ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félagsins innan byggðaðróunar og atvinnuráðgjafar, m.a. í samræmi við gildandi Sóknaráætlun landshlutans.
- Að efla og styðja atvinnulíf og nýsköpun í byggðum landsins með árangursríkri og skilvirkri atvinnuráðgjöf og stuðningi á grunni svæðisbundinna styrkleika.
- Að byggja upp og efla gagnkvæma miðlun þekkingar, reynslu og hæfni milli samningsaðila á sviði atvinnuráðgjafar, byggðaðróunar og nýsköpunar.

3.gr.

Skilgreining samnings - þáttur félagsins

Með samningi þessum skuldbindur félagið sig til framkvæmdar á eftirfarandi verkþáttum:

- a) *Atvinnu- og byggðaðróun*
 - Starfsemi félagsins, sem rúmast innan samnings þessa, skal innt af hendi í samræmi við stefnu ríkisins í byggðamálum, málefnum sveitarfélaga og nýsköpun. Hún skal einnig vera í samræmi við áherslur sóknaráætlunar landshlutans og aðra stefnumótun á sviði atvinnu- og byggðaðróunar á starfssvæði félagsins.
 - Félagið leitar samstarfs og samráðs við stofnanir og aðra hlutaðeigandi aðila innan stoðkerfis atvinnulífs og nýsköpunar innan starfssvæðis eins og við á, s.s. fyrirtæki, þróunarsetur, klasa og háskólasetur, í tengslum við verkefnaöflun, verkefnavinnu og/eða stefnumótun. Félagið leitar einnig samstarfs fyrrgreinda aðila er starfa utan svæðisins, þegar við á, í sama tilgangi.

- Félagið stendur fyrir fræðslu og/eða þjálfun fyrir frumkvöðla, framleiðendur og fyrirtæki, s.s. í formi námskeiða, fyrirlestra eða tengslamyndunar, í samstarfi við Byggðastofnun og/eða aðra viðeigandi aðila, þegar við á. Viðfangsefni fræðslunnar miða að svæðisbundnum áherslum og þörfum innan starfssvæðis.

b) *Atvinnuráðgjöf*

- Félagið veitir ráðgjöf til einstaklinga, hópa og fyrirtækja um stofnun, þróun og rekstur fyrirtækja, sem og þróun annarra verkefna sem styðja við atvinnulíf starfssvæðisins. Ráðgjöfin skal snúa að, en takmarkast ekki við, tilsögn og/eða aðstoð við áætlanagerðir, markaðssókn, fjármögnun, lánamöguleika Byggðastofnunar, efling tengslanets, kynningu og markaðsstarf.
- Þjónusta félagsins á sviði atvinnuráðgjafar skal vera sýnileg og aðgengileg í gegnum á heimasíðu þess, þar sem formi og fyrirkomulagi þjónustunnar er lýst. Félagið stendur fyrir markvissri kynningu á svæðisbundinni þjónustu sinni innan atvinnuráðgjafar, svo ekki sé um villst fyrir einstaklinga og fyrirtæki innan svæðisins að slík þjónusta sé í boði.
- Félagið getur tekið þátt í fjárhagslegri ráðgjöf og endurskipulagningu fyrirtækja, en varast þó starfsemi á samkeppnismarkaði.

c) *Nýsköpun*

- Félagið veitir stuðning og ráðgjöf til frumkvöðla og sprotafyrirtækja innan svæðisins. Slíkur stuðningur felst m.a. í leiðsögn við fjármögnun verkefna, þróun verkefnahugmynda og tengslamyndun.
- Félagið tryggir að ráðgjafar þess búi yfir góðri þekkingu og sterkum tengslum við aðra svæðisbundna aðila innan stoðkerfis nýsköpunar, s.s. háskóla- og þekkingarsetur, klasa og stafrænar smiðjur. Ráðgjafar leiti samstarfs við fyrrgreinda aðila þegar við á og/eða leiða skjólstæðinga sína áfram innan hins opinbera stoðkerfis nýsköpunar.
- Félagið hvetur til, stendur fyrir og/eða á samstarf um stuðnings- og hvataverkefni á sviði nýsköpunar, ýmist svæðisbundið eða í samstarfi við aðra landshluta.

d) *Upplýsingaöflun, þekkingarmiðlun og samstarf*

- Félagið skal hafa góða yfirsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun upplýsingar um stöðu atvinnulífs og búsetuþátta, eftir þörfum og án endurgjalds.
- Félagið leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnuráðgjafar, atvinnu- og byggðaþróunar með endurmenntun starfsfólks, samvinnu við önnur félög og Byggðastofnun, og með þátttöku í samstarfsverkefnum.
- Félagið veitir Byggðastofnun stuðning við skipulagningu og framkvæmd funda og viðburða á vegum stofnunarinnar á starfssvæði félagsins.

4.gr.

Skilgreining samnings - þáttur Byggðastofnunar

Með samningi þessum skuldbindur Byggðastofnun sig til framkvæmdar á eftirfarandi verkþáttum:

a) *Fagleg aðstoð*

- Byggðastofnun veitir félaginu faglega aðstoð við atvinnu- og byggðaþróun. Byggðastofnun fylgist með nýjungum á þessum sviðum og miðlar upplýsingum til félagsins. Byggðastofnun leitar eftir samstarfi við ráðuneyti, stofnanir og aðra viðeigandi aðila innan stoðkerfis atvinnulífs og nýsköpunar.
- b) *Tengslamyndun og samstarf*
- Byggðastofnun vinnur að eflingu samstarfs meðal samningsaðila stofnunarinnar innan atvinnu- og byggðaþróunar (hér eftir nefnt *félögin*), m.a. með reglulegum samskiptum, fundum og tengslamyndunarviðburðum. Byggðastofnun mun einnig vinna að því að efla tengsl félaganna við stofnanir og aðra aðila innan stoðkerfi atvinnulífs og nýsköpunar, sem og við aðra aðila á sviði byggða- og atvinnuþróunar.
 - Byggðastofnun hvetur til og stuðlar að tengslamyndun atvinnuráðgjafa um allt land, í þeim tilgangi að fullnýta mannauðinn og hvetja til samstarfs innan atvinnuráðgjafar og verkefnaöflunar.
- c) *Fundir og ráðstefnur*
- Byggðastofnun hefur umsjón með sameiginlegum fundum félaganna og leitar eftir þátttöku stofnana í stoðkerfi atvinnulífs og nýsköpunar í fundum eftir þörfum. Byggðastofnun veitir eftir atvikum aðstoð við skipulag annarra funda, ráðstefna, og náms- og kynnisferðir starfsmanna félaganna.
 - Stefnt skal að því að haldin verði ráðstefna annað hvert ár um viðfangsefni á verkefnasviði atvinnuráðgjafarinnar og Byggðastofnunar með öðrum stofnunum í stoðkerfi atvinnulífsins, en hitt árið skal stefnt að náms- og kynnisferð.

5.gr.

Fjármögnun

- a) *Fast rekstrarframlag*
- Byggðastofnun leggur til fjármagn til félaganna af fjárlagaliðnum *Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni*.
 - Skipting fjármagnsins skal vera í samræmi við reiknilíkan Byggðastofnunar sem uppfært er árlega, sbr. samþykkt stjórnar Byggðastofnunar 24. nóvember 2022.
 - Framlagið breytist í samræmi við fjárveitingar Alþingis hverju sinni og er greitt út í tvennu lagi yfir hvert starfsár, í febrúar og júlí. Forsendur fyrir greiðslum eru skil félagsins á tilgreindum skilagögnum tvisvar á ári, í desember og maí (sjá nánar um fyrirkomulag skilagagna í 6.gr).
 - Telji Byggðastofnun að félagið uppfylli ekki skyldur sínar skv. samningnum er henni heimilt að stöðva greiðslur til félagsins tímabundið eða að öllu leyti þar til úr því er bætt.

6.gr.

Eftirfylgni, samskipti og gagnaöflun

Félagið ber ábyrgð á framfylgd verkefna sem kveðið er á um í samningi þessum. Sé atvinnuráðgjöfinni útvistað skal leita samþykkis Byggðastofnunar áður en það er gert.

a) *Skilagögn*

- Félagið skal fyrir 31. desember ár hvert skila Byggðastofnun starfsáætlun fyrir næstkomandi ár. Skil á starfsáætlun er forsenda fyrri greiðslu fyrir komandi starfsár. Í starfsáætlun skal tilgreina helstu verkefni sem innt verða af hendi innan ramma samningsins fyrir komandi ár, einnig með tilliti til

starfsmannahalds og ráðstöfunar fjármuna. Starfsáætlun skal taka sérstaklega til helstu áherslna innan atvinnuráðgjafar fyrir komandi ár annars vegar, sem og annarra atvinnu- og byggðapróunarverkefna hins vegar, ef við á.

- Félagið skal fyrir lok maímánaðar ár hvert skila Byggðastofnun:
 - Ársreikningi fyrir næstliðið ár. Ársreikningur félagsins skal staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Starfsemi félagsins að atvinnu- og byggðapróun skal vera bókhaldslega aðskilin frá annarri starfsemi félagsins og þeirra aðila sem að því standa.
 - Ársskýrslu. Í ársskýrslu skal gerð grein fyrir starfsemi félagsins innan ramma samningsins á næstliðnu ári og greina frá frávikum frá starfsáætlunum, ef einhver voru.
 - Útfylltri gagnatöflu fyrir næstliðið ár. Grunnhugmynd af gagnatöflunni má finna í viðauka samningsins og má ætla að hún taki breytingum þegar líður á samningstíma, þó ekki án samþykkis beggja samningsaðila.

Byggðastofnun hefur heimild til að leita skýringa á einstökum atriðum í starfsemi félagsins. Stofnuninni er einnig heimilt að gera sjálfstæðar athuganir á starfseminni til að afla upplýsinga um árangur af samningum.

Félagið skal senda Byggðastofnun fundargerðir stjórnarfunda félagsins, þegar málefni atvinnuþróunarinnar eru á dagskrá.

7.gr.

Gildistími og önnur ákvæði

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027 og er hann uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.

Sauðárkróki/Selfossi 25. janúar 2023

F.h. Byggðastofnunar

F.h. Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Arnar Már Elíasson,
Forstjóri Byggðastofnunar

Bjarni Guðmundsson
Framkvæmdastjóri

28. apríl 2023

BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚAR Á SUÐURLANDI - VERKLAGSREGLUR -



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Efnisyfirlit

STARFSLÝSING OG HLUTVERK BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚA.....	3
LEIÐBEINANDI VERKLAG VIÐ GERÐ STARFSÁÆTLANA.....	5
LEIÐBEINANDI VERKLAG FYRIR TÍMASKRÁNINGAR	7
LEIÐBEINANDI VERKLAG VIÐ GERÐ STARFSSKÝRSLU	9

STARFSLÝSING OG HLOTVERK BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚA

Hér á eftir má sjá dæmi um starfslýsingu.

Á Suðurlandi starfa sjö byggðaþróunarfulltrúar á sjö starfssvæðum sem afmarkast við skilgreiningu atvinnusóknarsvæða á Suðurlandi. Byggðaþróunarfulltrúi styður við þróun byggðar á sínu starfssvæði með virkri þátttöku hagaðila, s.s. íbúa, sveitarfélaga og SASS. Starfið grundvallast á Sóknaráætlun Suðurlands og eftir atvikum stefnumörkun svæðis út frá þeim málefnasviðum sem honum tengjast með áherslu á byggðaþróun og þá sérstaklega; nýsköpun, atvinnuþróun og menningarmál.

Nánar er unnið eftir starfsáætlun sem tekur til Sóknaráætlunar Suðurlands og eftir atvikum áherslum starfssvæðisins. Upplýsingamiðlun um starfið til hagaðila fer m.a. fram með gerð og birtingu starfsskýrslu. Byggðaþróunarfulltrúi mun tilheyra samstarfsvettvangi byggðaþróunarfulltrúa á Suðurlandi á vegum SASS sem felur m.a. í sér þátttöku í reglubundnum fundum, upplýsingamiðlun og endurmenntun.

Byggðaþróunarfulltrúi

- veitir ráðgjöf og handleiðslu til einstaklinga, frumkvöðla, stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja um þróun verkefna og fjármögnun þeirra, s.s. á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningar.
- stendur fyrir eða á í samstarfi um fræðslu og/eða þjálfun fyrir frumkvöðla, framleiðendur og fyrirtæki, s.s. í formi námskeiða, fyrirlestra eða tengslamyndunar
- vinnur að þekkingar- og upplýsingamiðlun um stoðkerfi atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningar og um rannsóknir og greiningar sem eiga við svæðið
- safnar og greinir upplýsingar um þróun byggðar, s.s. á sviði atvinnulífs, búsetuþróunar og búsetuþátta
- hvetur íbúa, fyrirtæki og félagasamtök til verkefnaþróunar og þátttöku í samstarfsverkefnum og vinnur að tengslamyndun við hagaðila innan og utan svæðis
- safnar og miðlar upplýsingum um hverskonar aðstöðu, s.s. fyrir listsköpun, vöruþróun, nýsköpun, viðburðarhald og óstaðbundin störf
- styður við stefnumörkun svæðisins/sveitarfélaga á sviði atvinnu- og byggðaþróunar og eftir atvikum framfylgd einstakra aðgerða
- vinnur að og þróar svæðisbundin verkefni að eigin frumkvæði og í samstarfi við hagaðila



LEIÐBEINANDI VERKLAG VIÐ GERÐ STARFSÁÆTLANA

Starfsáætlun fyrir komandi starfsár skal skilað til SASS fyrir 15. desember ár hvert. Í starfsáætlun skal koma fram hvaða einstaklingur mun sinna hlutverki byggðapróunarfulltrúa fyrir hönd samstarfsaðila og áætlun um vinnuframlag niðurbrotið á helstu verkþætti, í samhengi við flokka sem tilgreindir eru í leiðbeinandi verklagi um tímaskráningar og hlutverkalýsingu byggðapróunarfulltrúa. Starfsáætlun skal fyllt út skv. eftirfarandi formi:

Verkþáttur:	Innsleginn texti frá samstarfsstofnun:
Hver kemur að starfinu:	<i>Hér kemur fram nafn þess sem starfa mun í hlutverki byggðapróunarfulltrúa og einnig má gera grein fyrir öðrum sem koma munu að svæðisbundnum verkefnum á vegum samstarfsstofnunar.</i>
Áætlun um viðveru byggðapróunarfulltrúa:	<i>Hér er lagt til að setja fram áætlun um viðveru fyrir árið og tilfreind fjarvera, s.s. vegna sumarfría. Áhersla er lögð á viðveru byggðapróunarfulltrúa í tengslum við umsóknarferli Uppbyggingarsjóðs í febrúar og september ár hvert og í tengslum við gerð starfsáætlunar í desember.</i>
Ráðgjöf og handleiðsla:	
Markmið og áætlun um fjölda þjónustubeга	<i>Gott er að setja sér markmið í upphafi árs um fjölda þjónustubeга í ráðgjöf eða handleiðslu. Þar sem fjöldi þjónustubeга er liður í starfsskýrslu.</i>
Markmið um fjármuni inn á svæðið, eftir fjármögnunarleiðum og málefnum	<i>Hér er helst horft til styrkveitinga inn á svæðið úr hinum ýmsum sjóðum, s.s. Uppbyggingarsjóði Suðurlands, Rannís, Matvælasjóði, Lóu og öðrum fjármögnunarleiðum s.s frá Bygðastofnun. Þar sem fjármagn inn á svæðið er liður í starfsskýrslu.</i>
Áætlun um endurmenntun starfsþróun byggðapróunarfulltrúa	<i>Hér skal tilgreina námskeið eða aðra endurmenntun sem fyrirhuguð er og fellur að hlutverki byggðapróunarfulltrúa. Eins má leggja til námskeið eða aðrar endurmenntunarleiðir sem talið er að gæti stutt almennt við hlutverk byggðapróunarfulltrúa á landshlutavísu.</i>
Kynningarmál og upplýsingamiðlun:	
Áherslur og markmið við kynningarmál og upplýsingamiðlun, eftir kynningarleiðum og málefnum	<i>Hér má setja fram stutta kynningaráætlun fyrir árið sem getur verið í formi markmiða niðurbrotið niður á mánuði, s.s. um kynningu á ákveðnum sjóðum, þjónustu eða stuðningsaðgerðum. Eins hvaða kynningarleiðir verða nýttar s.s. miðlar, greinaskrif, kynningarfundir, vinnustofur, fyrirtækjaheimsóknir, tengslamyndanir og auglýsingar.</i>
Upplýsingaöflun og greiningar:	
Helstu áherslur við upplýsingaöflun og greiningar á árinu, er snúa að aðstöðu, innviðum, atvinnu- og byggðapróun og starfsemi á svæðinu	<i>SASS kann að leggja til áherslur við upplýsingaöflun er snýr að ákveðnum verkefnum á landshlutavísu. Hér er óskað eftir tillögum eða áherslum byggðapróunarfulltrúa um upplýsingar sem stutt geta við starf byggðapróunarfulltrúa eða áherslur viðkomandi svæðis.</i>
Svæðisbundin verkefnaþróun og -vinna:	
Helstu áherslur og markmið byggðapróunarfulltrúa fyrir komandi ár:	<i>Hér skal hafa til hliðsjónar Sónaráætlun Suðurlands og stefnumörkun sveitarfélaga á málefnasviði byggðapróunarfulltrúa ef slík stefnumörkun er tiltæk.</i>
Yfirlit yfir svæðisbundin verkefni sem unnið verður að á árinu:	<i>Hér skal tilgreina svæðisbundin verkefni. eru verkefni nú þegar í vinnslu sem unnið verður að á árinu, eru verkefni þegar tilgreind í starfsáætlun samstarfsstofnunar eða aðrar verkefnahugmyndir sem styðja við áherslur viðkomandi svæðis?</i>

Áætlun um ráðstöfun á tíma eftir málefnum og mánuðum:

Áætlun þessi er einungis til viðmiðunar og tengist á engan hátt greiðslum til samstarfsaðila. Að fylla út þessa áætlun gefur hugmynd um hvernig viðkomandi samstarfsstofnun sér fyrir sér árið og getur eftir árið gefið betri upplýsingar í samanburði við rauntölur.

	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Samtals
Ráðgjöf og handleiðsla													
Kynningarmál og upplýsingamiðlun													
Upplýsingaöflun og greiningar													
Svæðisbundin verkefnaþróun og -vinna													
Samtals:													

LEIÐBEINANDI VERKLAG FYRIR TÍMASKRÁNINGAR

ALMENNT:

Tímaskráningar skulu færðar inn daglega í kerfi sem lagt er til af SASS (Podio). Tímaskráningar skulu staðfestar af samstarfsstofnun fyrir fimmta dag hvers mánaðar, fyrir hvern nýliðinn mánuð. Tímaskráningar verða keyrðar út úr skráningarkerfinu sjötta dag hvers mánaðar og færðar inn í bókhaldskerfi SASS. Því er mikilvægt að tímar séu skráðir daglega (ekki aftur í tímann og alls ekki eftir mánaðamót).

FASTIR LIÐIR:

Allar tímaskráningar skulu innifela;

- Nafn starfsmanns
- Dagsetningu
- Tímafjölda
- Minnispunkta

Hver tímaskráning er einstök fyrir hvern “verklið” eða “verkefni”. Einn dagur getur því falið í sér fleiri en eina tímaskráningu. Ekki er gerð krafa um nánara niðurbrot en 30 mínútur.

Minnispunktar eru ólíkir eftir verkefnum. Þeir eru fyrst og fremst hugsaðir fyrir þann sem það skráir. Þeir geta reynst mikilvægir við uppflettingu ef upp koma álitamál eða þörf er á frekari upplýsingum í tengslum við starfsskýrslur eða einstök verkefni á seinni stigum (virkar sem dagbók).

Auk **fastra liða** eru tímaskráningar færðar inn á einn af eftirfarandi yfirflokkum (A, B, C, D eða E).

A. RÁÐGJÖF OG HANDLEIÐSLA:

Tímaskráningar í ráðgjöf og handleiðslu eru færðar eftirfarandi;

- Þjónustuþegi
 - Þjónustuþegi er valinn. Ef hann er ekki þegar skráður þarf að skrá viðkomandi. Upplýsingar sem nauðsynlegt er að skrá eru nafn/heiti og netfang.
- Flokkur
 - Fjármögnun, þ.m.t. Uppbyggingarsjóður
 - Verkefnaþróun
 - Leiðbeina um stoðkerfið
 - Samningagerð og skýrslur Uppbyggingarsjóðs
- Fjármögnunaraðili (ef fjármögnun)
 - Ef ráðgjöf snýr að fjármögnun er valinn sjóður eða önnur fjármögnunarleið úr lista hér undir. Ef fjármögnunarleið er ekki til í listanum, s.s. ef nýr sjóður er kominn á markað, skal óskað eftir að honum sé bætt á listann. Ef verkefnið tengist ekki fjármögnun er ekkert valið í þessum lið.

B. KYNNINGARMÁL OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

Tímaskráningar vegna kynningarmála og upplýsingamiðlunar eru færðar í tvo flokka, annars vegar hver miðlunarleiðin er og hins vegar hvert efnið eða inntak kynningarmála eru. “Efnisöflun og -vinnsla” tengist fyrst og fremst miðlun á efni til SASS, s.s. myndefni og textagerð vegna styrktra verkefna Uppbyggingarsjóðs. “Bein kynning” er svo almennt heiti á fyrstu fundum, það sem við getum túlkað sem ýmiss samtöl sem leitt geta til samstarfs um ákveðin verkefni eða áður en kemur til eiginlegrar ráðgjafatíma.

- Miðlunarleið
 - Auglýsingar og birtingar
 - Greinarskrif/fréttaskrif
 - Kynningarfundir og erindi
 - Bein kynning – B2B

- s.s. fyrirtækjaheimsóknir og tengslamyndun.
- Efnisöflun og -vinnsla
- Efni
 - Hér er valið úr lista það sem er verið að kynna. Það getur verið hver sú þjónusta eða upplýsingar sem falla að hlutverkum byggðaþróunarfulltrúa. Ef það er ekki á listanum skal einungis velja “Annað”. Á þessum lista eru flýtleikmöguleikar eins og Uppbyggingarsjóður, ráðgjöf, Sóknaráætlun Suðurlands og það helsta sem snýr að þjónustu okkar eða annara - sem á erindi við okkar þjónustuþega.

C. UPPLÝSINGAÖFLUN

Tímaskráningar sem snúa að upplýsingaöflun geta verið samantektir vegna óska sem berast SASS eða samstarfsaðila um aðstöðu, innviði, atvinnu- og byggðaþróun eða starfsemi á svæðinu. Einnig geta þetta verið upplýsingar sem þörf er á í tengslum við stefnumótun á svæðinu eða vegna ákveðinna greininga sem byggðaþróunarfulltrúi vill vinna að eða verið er að vinna að á vegum SASS.

- Aðstaða
 - Hér getur verið átt við aðstöðu eins og listvinnustofur, hljóðver, æfingaraðstöðu, sýningaaðstöðu, sviðslista- og tónleikasali, aðstaða fyrir frumkvöðla, óstaðbundin störf, FabLab, tilraunastofur, tilraunaeldhús, ráðstefnusalir o.fl.
- Innviðir
 - Hér getur verið átt við innviði eins og upplýsingar um atvinnulóðir, orku (heitt og kalt vatn, rafmagn og gufa), flutningskerfum eða hráefnum.
- Atvinnu- og byggðaþróun
 - Hér getur verið átt við flesta aðra hluti sem falla ekki að aðstöðu eða innviðum, s.s. upplýsingar atvinnuvegi, íbúðarþróun, greiningu niðurstaðna úr könnunum eða öðrum greiningum.
- Starfsemi á svæðinu
 - Hér getur verið átt við upplýsingaöflun um þá starfsemi sem er á svæðinu, hvort sem það eru greiningar eða almenn upplýsingaöflun um hvaða fyrirtæki, frumkvöðlar eða aðilar í menningarmálum eru að vinna að.

D. SVÆÐISBUNDIN VERKEFNAÞRÓUN OG -VINNA

Ef verkefni hefur ekki verið stofnað af samstarfsaðila/byggðaþróunarfulltrúa þarf að fara yfir í “Verkefni” í Podio og stofna verkefnið. Ef það hefur þegar verið stofnað er það valið úr lista. Hér er um að ræða frumkvæðisverkefni byggðaþróunarfulltrúa/samstarfsstofnunar. Skv. hlutverkalýsingu byggðaþróunarfulltrúa.

E. VERKEFNI VEGNA VIÐAUKASAMNINGA

Verkefni skv. viðaukasamningi eru ekki hluti af ofangreindum verkefnum byggðaþróunarfulltrúa eða samningi milli SASS og samstarfsaðila um atvinnu- og byggðaþróun á Suðurlandi. Verkefnin eru tímabundin og tengjast ákveðnum viðaukasamningum. Hér er valið verkefni eða það stofnað í samráði við SASS.

LEIÐBEINANDI VERKLAG VIÐ GERÐ STARFSSKÝRSLU

Starfsskýrsla fyrir undangengið starfsár skal skilað til SASS fyrir 15. desember ár hvert. Í starfsskýrslu skal koma fram hvaða verkefni voru unnin á undanfögnu ári niðurbrotið á helstu verkþætti, í samhengi við flokka sem tilgreindir eru í leiðbeinandi verklagi um tímaskráningar og hlutverkalýsingu byggðaþróunarfulltrúa. Starfsskýrsla skal fyllt út skv. eftirfarandi formi:

Verkþáttur:	Innsleginn texti frá samstarfsstofnun:
Hverjir komu að starfinu:	
Ráðgjöf og handleiðsla:	
Yfirlit yfir fjölda þjónustuþega og tímafjöldi í veittri ráðgjöf/handleiðslu	
Upplýsingar um fjármuni inn á svæðið, eftir fjármögnunarleiðum og málefnum, s.s. samantekið úr Uppbyggingarsjóði og helstu sjóðum	
Upplýsingar um endurmenntun byggðaþróunarfulltrúa á ári eða þátttöku á ráðstefnum eða upplýsingafundum	
Kynningarmál og upplýsingamiðlun:	
Yfirlit yfir helstu kynningarleiðir út frá málefnum og verkefnum	
Upplýsingaöflun og greiningar:	
Yfirlit yfir upplýsingaöflun um aðstöðu, innviði, atvinnu- og byggðaþróun og starfsemi á svæðinu	
Svæðisbundin verkefnaþróun og -vinna:	
Yfirlit yfir svæðisbundin verkefni sem unnin voru á árinu, s.s. heiti verkefna, tímafjöldi og stutt lýsing sérhvers verkefnis.	